

Stjórnarfundur no 8, 2012/2013

Fimmtudaginn 10. janúar 2013 kom stjórn og varastjórn saman til fundar kl. 18.30 í fundarsal á fimmtu hæð í Alþýðuhúsinu. Undirritaðir sátu fundinn.

Þetta gerðist:

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Bréf frá stjórn Iðnaðarsafnsins dags. 6. desember 2012 með ósk um framlengingu á samningi um árlegan fjárstyrk til félagsins
Samþykkt að veita kr. 50.000 styrk árið 2013, en samningi er hafnað.

2. Orlofsmál

Ákvörðun á upphæð sumarleigu:

Mánatún 3ja herbergja	kr. 22.000	4ra herbergja	kr. 28.000
Kötluholt	kr. 30.000	Skógarsel	kr. 40.000
Illugastaðir nr. 19	kr. 22.000	nr. 12 og 2	kr. 19.000
Flókalundur,	kr. 19.000	Einarsstaðir	kr. 19.000

Samþykkt að hafa veiðikort og golfkort til sölu á kostnaðarverði.

Samþykkt að veita 75 orlofsstyrki kr. 15.000 og 25 útilegukort.

3. Dagskrá starfsdags trúnaðarmanna FVSA 25.01.13 frá kl. 13 til 20. Dagskráin kynnt.

4. Staðan vegna endurskoðunar kjarasamninga. Fundur Trúnaðarráðs verður síðar í dag, þar mun Stefán Einar Stefánsson formaður LÍV gera grein fyrir stöðu mála.

5. Fundargerð Almannaheillanefndar dags. 30.11.12.

Úlfhildur las fundargerðina upp fyrir fundarmenn.

6. Hækkun á krabbameinsleit hjá Leitarstöð úr 3.700 í kr. 6.000, sjúkrasjóður hefur styrkt að fullu. Kynnt ákvörðun um að félagsmaður greiði sjálfur kr. 1.000

7. Saga ASÍ er að koma út og verið að bjóða 2 bindin fyrir kl. 12.000 ef keypt eru fleiri en 5 eintök. Samþykkt að kaupa 10 eintök.

8. Sameiginleg heimasíða stéttarfélaganna á 3ju hæð. Samþykkt að kanna hagkvæmni af því.

9. Veskið - Kortaviðskipti

Valitor er að bjóða þjónustu þar sem hægt er að greiða á netinu með debetkorti. Eiður Stefánsson kynnti málið.

Samþykkt að fara í þetta.

10. Mánatún 5.

Samþykkt var að undirrita samning húsfélagsins Mánatúni 5 vegna íbúðar fyrir bandaríska sendiherrann

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson,
Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Árni Friðriksson.
Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.